



Fundargerð

**146. fundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs,
Ráðhúsinu á Höfn og í fjarfundi, mánudaginn 1. september kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Friðla Árnadóttir, formaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Þóra Björg Gísladóttir, varaformaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka
Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi ferðamálasamtaka
Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi útivistarsamtaka

Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli
Þórhallur Jóhannsson, starfandi þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Höfn
Charlotte Emma Jadwiga Brzeski, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði, Höfn
Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar
Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur á þróunarsviði
Gunnhildur Sif Oddsdóttir, lögfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, teymisstjóri leyfa og samninga á stjórnunar- og verndarsviði

Gestur: Sigurjón Andrésson, formaður stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

1. Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113

Farið yfir stöðu umsókna um íshellaferðir og jöklagöngur og ferli mats.

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, teymisstjóri leyfa og samninga á stjórnunar- og verndarsviði, Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur á þróunarsviði og Gunnhildur Sif Oddsdóttir, lögfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði, komu inn á fundinn og sögðu frá vinnu við yfirferð á umsóknum.

Alls bárust 34 umsóknir, en gert er ráð fyrir að úthluta að hámarki 30 leyfum til tveggja ára. Í kynningunni var farið yfir stöðu mála með hliðsjón af matskvarða og yfirferð á ferlinu.

Fulltrúi ferðamálasamtaka vék af fundi eftir kynningu og tók ekki þátt í efnislegri umfjöllun máls.

Svæðisráð þakkar fyrir kynninguna á stöðu á yfirferð umsókna um íshellaferðir og jöklagöngur í atvinnuskyni innan suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.



Næstu skref eru að Náttúruverndarstofnun fari endanlega yfir umsóknirnar og gangi frá samningum við þá aðila sem standast þær kröfur sem farið er fram á í matskvarða.

Svæðisráð leggur áherslu að sem fyrst verði hafin vinna við næsta umsóknarferli og yfirferð á matskvarða og mun leggja fram tillögur að úrbótum.

Fundargerð ritaði: Hrafnhildur Ævarsdóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 10:55.